

um frv. til laga um almannavarnir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Þörf rannsókna á breiðari grundvelli. Í þrettán ár hefur Ísland átt aðild að hernaðarsamtökum, og í ellefu ár samfleytt hefur erlent stórveldi notað landið sem útvirki sitt og haft hér herstöðvar. Í öll þessi ár hefur friður í heiminum verið ótryggur og raunar stundum hangið á blápræði.

Það leiðir af aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og af bandarísku hersetunni, að á Ísland verður litið sem stríðsaðila á sama augabragði og bandalagið eða Bandaríkin lenda í styrjöld. Í þessu er fólgin hætta, augljósari en svo, að henni þurfi að lýsa, enda ægilegri en orð fá lýst.

Þannig hefur árásarógnunin vofað yfir landsmönnum á annan áratug og orðið alvarlegri að sama skapi og hernaðartækni hefur fleygt fram. Samt hefur ekkert, utan kák eitt, verið gert til þess að mæta hættunni. Það er haldið áfram að leika sér að þeim voða, sem hernaðarbróltið á Íslandi er, en hins vegar ekkert gert til að vernda líf og lími íslenskra þegna, ef eða þegar að skuldadögum kæmi.

Þetta aðgerðarleysi afsakast ekki með því, að skort hafi lög um almannavarnir. Þau eru til og hafa verið í gildi í tuttugu ár. Ný lög er auðvelt að samþykkja, — en hver er kominn til með að segja, að það bæti úr skák? Ráðstafanir til almanna- varna hafa ekki strandað á úreltum lögum, heldur kemur þar allt annað til greina.

Sú staðreynd, að Bandaríkjamenn hafa stríðsvirki á Íslandi, margfaldar þá lífs- hættu, sem landsmönnum er búin í stórstyrjöld. Það er tilvist hernaðarmannvirkj- anna og hún ein, sem er slík ógnun við lífsöryggið, að ráðandi mönnum í landinu fallast hendur. Þess vegna er látið skeika að sköpuðu um almannavarnir.

Andspænis þessari gífurlegu hættu bliknar gildi hvers konar tiltækra verndar- aðgerða. Hugsanleg nytsemi þeirra verður umdeilanleg og þó öllu fremur vafasöm í allra augum. Ofan á þetta bætist svo það, að þær aðgerðir, sem einna helst þykja koma til mála, svo sem aðstaða til flutnings fólks af hættusvæðum og bygging öryggisbyrgja, eru með ólíkindum dýrar í framkvæmd. Það er þetta tvennt, annars vegar óvissan um gagnsemi ráðstafana og hins vegar óheyrilegur kostnaður, sem mestu veldur um aðgerðarleysið í almannavarnamálum.

Við þær athuganir, sem til þessa hafa verið gerðar á tilhögun almanna- varna, er gengið út frá því sem gefnu, að hernaðarmannvirkin í landinu séu böf, er ekki verði umflúið. Hér er byggt á rangri forsendu. Íslendingar eiga þess kost, hvenær sem þeir vilja, að segja varnarsamningnum upp, láta herinn fara og gera mann- virkin ónothæf. Það er þannig á þeirra valdi að uppræta þann háska, sem þeim stafar frá herstöðvunum.

Úr því að vandamál almanna- varna á Íslandi reynast jafntorleysanleg og raun ber vitni um, hví þá ekki að athuga málin og lausn þeirra á öðrum grundvelli og gera ráð fyrir, að her og herstöðvar hverfi? Möguleikinn er til. Hverra verndar- aðgerða er að dómi sérfróðra manna þörf í landi fámennrar og vopnlausrar þjóðar, þar sem engin víghreiður finnast? Þörfin er einhver, en ekki hin sama sem í her- setnu landi, og rannsókn á henni, gerð af hlutlausum herfræðingum, en ekki áróðurs- mönnum, væri mjög fróðleg til viðbótar og til samanburðar við þær einhliða at- huganir, sem nú fara fram.

Það er bersýnilegt, að þessi mál verða lengi enn á athugunarstigi. Um það farast hinum nýskipaða forstöðumanni almanna- varna orð á þessa leið: „Þessi vandamál eru flókin og krefjast mikils undirbúnings, áður en hægt er að hefjast handa um verklegar framkvæmdir, er að gagni geta komið.“ Tafir á framkvæmdum þurfa því

ekki að verða, þótt rannsókn fari fram á því, hverju það breytir um aðgerðapörf, að líkleg skotmörk á Keflavíkur- og Hvalfjarðarsvæði yrðu upprætt í tæka tíð.

Slík athugun er mikilsverð, og þjóðin á heimingu á henni. Þess vegna er hér lagt til, að hún verði framkvæmd samhliða öðrum rannsóknum varðandi almannavarnir. Þegar þessum samanburðarathugunum er lokið, er rétt að taka málið upp að nýju hér á Alþingi og ganga þá, en ekki fyrr, frá breytingum á löggjöf um almannavarnir.

Tillaga um rökstudda dagskrá. Því leggur minni hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar til, að frv. til l. um almannavarnir verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að þær athuganir, sem fram hafa farið varðandi væntanlega tilhögun almannavarna á Íslandi, eru allar miðaðar við, að í landinu verði hernaðarmannvirki og erlendur her til frambúðar, og með því að það er á valdi Alþingis að ákveða, að þessi herbúnaður skuli ekki vera hér framvegis, þá æskir deildin þess, að nefndum athugunum verði fram haldið á grundvelli samanburðar, þannig að unnt verði að meta þörf einstakra ráðstafana til almannavarna svo og að gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun í þeim tilvikum báðum:

- a) að hér verði herstöðvar áfram, og
- b) að herinn verði látinn fara og hernaðarmannvirkin gerð ónothæf.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin verði við þessari ósk, að hún láti hraða athugunum eftir föngum og að hún leggi síðan fyrir Alþingi tillögur sínar ásamt greinargerð, þar sem nefndur samanburður kemur fram, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Varatillögur. Einstök atriði frumvarpsins hafa ekki verið rædd hér, enda lagt til, að málið í heild verði rannsakað nánar og tekið fyrir síðar til endanlegrar afgreiðslu. Ýmsir agnárar eru á þessu frumvarpi, og þá þyrfti nauðsynlega að sníða af, áður en til samþykktar þess kemur. Hér skulu nokkrir nefndir:

Ein meginbreytingin frá gildandi lögum er, að ríkisstjórnin, í stað sveitarstjórna, skuli ákveða ráðstafanir til almannavarna. Þessi breyting sveitarstjórnnum í óhag er óheppileg. Með henni eru þær sviptar ákvörðunarrétti, sem þær hafa haft í áratugi. Tilhneiging ríkisvaldsins til að ganga jafnt og þétt á rétt sveitarfélaga er alkunn. Hún er þjóðfélagslega séð ekki æskileg, og ber að sporna við henni. Sveitarfélögin eiga hvað almannavarnir snertir að bera sinn hluta kostnaðarins, og því ekki nema sanngjarnt, að þeirra samþykki þurfi til verndarframkvæmda. Engin ástæða er til að ætla, að sveitarstjórnir ali ekki í brjósti sömu ábyrgðartilfinningu og ríkisstjórn.

Í 9. gr. er almannavarnanefndum falið eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, og í 24. gr. er heimild handa ríkisvaldinu til að leggja þá kvöð á húsgjöldur, að þeir láti smíða öryggisbyrgi af vissri gerð í húsum sínum. Hér er of langt gengið í afskiptasemi. Heimilin eiga vissulega að vera laus við rask og rekistefnur þessara nefnda, sem skipaðar verða svo til af handahófi. Heimilin eru friðhelg og eiga að vera það. Þau eru enginn vettvangur til „eftirlits“ ótindra persóna, aldrei þó nema þær séu í almannavarnanefnd. Það fer bezt á því, að einkavarnir séu sem frjálsastar, og á það hafa Bandaríkjamenn þegar komið auga. Þá er einnig of langt gengið að skylda húsgjöldur að reisa öryggisbyrgi, sem sennilega kosta 20—30 þúsund krónur á hverja meðalstóra íbúð.

Í 10. gr. er ákvæði um, að allir á aldrinum 18—65 ára séu skyldugir að gegna starfi í þágu almannavarna. Hér er aldursmarkið sett allt of hátt. Í þjálfun hjálpar-sveita felst í og með mikið líkamlegt erfiði (sbr. 9. gr.), svo mikið, að óforsvaranlegt væri að bjóða það mönnum, sem komnir eru yfir miðjan aldur. „Herskyldan“ ætti hér ekki að ná til eldri manna en 40—45 ára, og er þá aðeins höfð í huga hættan á heilsutjóni.

Það er ákveðið í 13. gr. frumvarpsins, að sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu, eigi rétt til bóta. Hið sama þarf að gilda um þann, sem vegna sannanlegs vinnutaps bíður fjárhagslegt tjón vegna undirbúningsstarfa í þágu almannaþarfa.

Loks er ástæða til að vekja athygli á efni 21. gr. Ef ríkisstjórnin ákveður brottflutnings fólks af hættusvæði, „þá er öllum skylt, sem um það fá fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu, á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður“. Síðan má enginn án sérstaks leyfis hreyfa sig úr þeim stað, sem hann hefur verið dæmdur til. Er þetta ekki heldur mikið af því góða? Er ekki yfirleitt viðsjárvert að taka upp nauðungarflutninga fólks við þær aðstæður, sem hér er um að ræða? Slíkir flutningar eru í sjálfum sér ekki hættulausir. Á hættustundu getur ríkisstjórnin ekki vitað, hvað hverjum einum muni reynast fyrir beztu. Það gæti einnig hent, að hún í þessu efni stígi spor, sem síðar reyndist óheillaspor, og þá væri hörmulegt að hafa beitt nauðung. Efni þessarar greinar er alla vega vanhugsað, og því er bezt, að greinin falli burt úr frumvarpinu.

Í samræmi við það, sem hér hefur verið á bent, vill minni hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar til vara bera fram svofelldar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 7. gr. 2. málgr. orðast svo:
Ráðstafanir til almannaþarfa, sbr. 9. gr., skal hefja þar, sem ríkisstjórnin ákveður með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.
2. Við 9. gr. Orðið „íbúðarhúsum“ í 3. tölulið fellur burt.
3. Við 10. gr.
 - a. Í stað „18—65 ára“ í 1. málgr. kemur: 18—45 ára.
 - b. 2. málgr. fellur burt.
4. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist svo hljóðandi málslíður:
Sömuleiðis á hann rétt til bóta, ef hann verður fyrir tekjumissi vegna undirbúningsstarfa í þágu almannaþarfa.
5. Við 21. gr. Greinin fellur burt.
6. Við 24. gr. Greinin fellur burt.

Alþingi, 5. des. 1962.

Alfreð Gíslason læknir.